

Ed.

145. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt til einkasölu á ýmsum vörutegundum með lögum nr. 30 9. jan. 1935, hefur nú verið notuð um nokkurra ára bil. Raftækja-einkasalan hefur þegar verið lögð niður, og munu allir sammála um, að verzlunar-hættir með rafmagnsvörur hafi breytt til batnaðar við þá ráðstöfun. Öllum er kunnugt, að mikil óánægja er meðal almennings um rekstur Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Þarf ekki að efa, að afnám einkasölnunnar er nú tímabært, þar sem reynsla undanfarinna ára hefur fært mönnum heim sanninn um það, að slíkt verzlunarfyrirkomulag með þessa vöru er með öllu óhafandi. Hins vegar er vafalaust, að frjáls verzlun með bifreiðar er eina rétta svarið við hinum háværu óánægjuröddum almennings út af ástandinu, eins og það er nú.

Má og segja, að einkasalan hafi dauðadæmt sjálfa sig, þar sem á þessu ári hafa verið fluttir til landsins 158 notaðir fólksbílar, allir eða langflestir utan við einkasöluna, þótt með hennar samþykki sé, en einungis 120 nýir fólksbílar, allir af einkasölnni. Bilarnir, sem einkasalan hefur flutt inn og undir hennar úthlutun koma, eru því miklu færri en hinir. Enda er flutningsmanni kunnugt um, að miklum mun fljótar hefur gengið að fá bíla t. d. til opinberra þarfa, svo sem til lögreglunnar í Reykjavík, fyrir milligöngu einstakra umboðsmanna hinna amerísku bílafirma hér á landi en fyrir atbeina einkasölnunnar.

Með tilliti til þessa verður að telja eðlilegt, að heimildarlögin um einkasölur frá 1935 verði með öllu felld úr gildi. Að vísu hefði ríkisstjórnin ein formlega heimild til að afnema hana, en þar sem því er yfir lýst, að hún framkvæmi eigi slík stefnumál nema með samþykki Alþingis, sýnist sjálfsagt, að það felli lögin úr gildi